

# **Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf.**

**Ársreikningur 2023**

## **Efnisyfirlit**

**bls.**

Skýrsla stjórnar .....	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5 - 6
Skýringar og sundurliðanir .....	7 - 10

**Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf.**  
**kt. 610584-0399,**  
**Garðarsbraut 5,**  
**640 Húsavík.**

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Tilgangur félagsins er að stuðla að atvinnuuppbyggingu sem eignarhalds- og fjárfestingarfélag í Þingeyjarsýslu, þ.e. Frá Vatnajökli norður til sjávar milli Vaðlaheiðar í vestri og til Bakkafjarðar í austri.

## Starfsemin á árinu

Á árinu var áfram unnið unnið að samstarfsverkefni um innlenda fóðurframleiðslu með jarðvarma með aðkomu og styrk frá Matvælasjóði og fleiri aðilum. Þá var á árinu unnið að undirbúningi að stækkun félagsins með aðkomu núverandi hluthafa sem og nýrra hluthafa.

Tap félagsins á árinu nam 5 m.kr. samanborið við tap að fjárhæð 1,5 m.kr. á árinu 2022. Bókfært eigið fé félagsins nam 17,1 m.kr. í árslok 2023 og er eiginfjárlutfall 99,1%. Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu og eingöngu er greidd þóknun til stjórnenda.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að starfsemi félags aukist á árinu með innkomu nýrra hluthafa og frekari hlutafjárukningar frá núverandi hluthöfum félagsins, þannig að félagið sé betur í stakk búið til þess að sinna hlutverki sínu í samræmi við tilgang félagsins.

## Jöfnun taps

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna jöfnun á tapi ársins. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður.

## Eignaraðild

Í upphafi árs voru hluthafar félagsins 12 og lok árs voru hluthafar félagsins 7 að tölu. Hluthafar félagsins í lok árs eru:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Norðurþing .....	640169-5599	4.956.042	47,2%
Langesbyggð .....	420369-1749	1.071.358	10,2%
SANA .....	600112-0820	510.426	4,9%
Sparisjóður Suður Þingeyinga .....	530990-2149	494.402	4,7%
Tjörneshreppur .....	650269-5789	118.182	1,1%
Garðræktarfélag Reykhverfunga ehf .....	570169-7779	21.823	0,2%
Reynihlíð ehf .....	671261-0119	21.823	0,2%
Eigin hlutabréf .....	610584-0399	3.305.944	31,5%
		10.500.000	100,0%

Nánari umfjöllun um hlutafé og umfjöllun um eigin hluti er að finna í skýringu nr. 6.

Stjórn Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Húsavík,

Bergþór Bjarnason  
Stjórnarformaður

Aðalteinn J. Halldórsson  
Meðstjórnandi

Valdimar Halldórsson  
Meðstjórnandi

Pétur Snæbjörnsson  
Framkvæmdastjóri

## Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

### Til stjórnar og hluthafa Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf. fyrir árið 2023 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrir mælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Húsavík,

### **PricewaterhouseCoopers ehf**

Rúnar Bjarnason  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Aðrar tekjur og styrkir .....		7.000.000	8.400.000
		<u>7.000.000</u>	<u>8.400.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....		12.062.127	10.376.765
		<u>12.062.127</u>	<u>10.376.765</u>
<b>Rekstartap</b>			
		(5.062.127)	(1.976.765)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		172.606	112.931
Vaxtagjöld .....		(13.035)	0
Tekjur (gjöld) af eignarhlutum í félögum .....		0	620.896
		<u>159.571</u>	<u>733.827</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi .....	2	300.924	(636.838)
<b>Tap fyrir tekjuskatt</b>			
		(4.601.632)	(1.879.776)
Tekjuskattur .....	5	(416.095)	369.006
<b>Tap ársins</b>			
		<u>(5.017.727)</u>	<u>(1.510.770)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	2	1.726.960	1.426.036
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	3	<u>7.812.079</u>	<u>7.812.079</u>
		9.539.039	9.238.115
Aðrir fastafjármunir:			
Tekjuskattseign .....	5	0	416.095
<b>Fastafjármunir samtals</b>		9.539.039	9.654.210
<b>Veltufjármunir</b>			
Fyrirframgreiddur kostnaður vegna samstarfsverkefnis .....	4	5.674.219	4.442.455
Aðrar skammtímakröfur .....		37.975	378.399
Handbært fé .....		<u>2.052.418</u>	<u>11.052.601</u>
		7.764.612	15.873.455
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>17.303.651</u></u>	<u><u>25.527.665</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		7.194.054	10.500.000
Lögbundinn varasjóður .....		1.439.845	1.439.845
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		130.085	0
Óráðstafað eigið fé/(ójafnað tap) .....		8.385.851	13.533.663
	6	<u>17.149.835</u>	<u>25.473.508</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		153.816	54.157
Tekjuskattur .....	5	<u>0</u>	<u>0</u>
		153.816	54.157
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		153.816	54.157
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>17.303.651</u></u>	<u><u>25.527.665</u></u>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda alla jafna af vöru- og þjónustusölu.

### 1.3 Aðrar rekstrartekjur

Styrkir og framlög eru tekjufærð á grundvelli fyrirbyggjandi samninga.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

### 1.5 Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaga eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélagum. Hlutdeildarfélag eru félag þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Óinnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarfélaga er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Óinnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Innifalið í bókfærðu verði eignarhlutanna er viðskiptavild. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

### 1.6 Eignarhlutir í félagum

Eignarhlutir í félagum eru færðir á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra að frádreginni óbeinni niðurfærslu.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.



# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

### 1.8 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

### 1.7 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattsinneign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

## Skýringar

### 2. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Málmís ehf. Garðarsbraut 5 640 Húsavík 35%	Samtals
Hlutdeild 1/1 .....	1.426.036	1.426.036
Hlutdeild í afkomu .....	300.924	300.924
Hlutdeild 31/12 .....	1.726.960	1.726.960

### 3. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignar- hlutur í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Mývatnsstofa ehf. ....	11,09%	2.728.985	2.728.985
Mýsköpun ehf. ....	13,40%	1.768.200	7.400.400
Víkurskel ehf. ....	6,25%	237.500	3.187.500
Þekkingarvörður ehf. ....	1,00%	30.000	30.000
		6.905.860	13.346.885
Niðurfærsla eignarhluta .....			(5.534.806)
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals			<u>7.812.079</u>

### 4. Fyrirframgreiddur kostnaður vegna samstarfsverkefnis

Fyrirframgreiddur kostnaður greinist þannig:

Staða í upphafi árs .....	4.442.455
Innborganir vegna samstarfsverkefnis .....	(7.000.000)
Greiðslur vegna samstarfsverkefnis .....	8.231.764
Staða í lok árs .....	<u>5.674.219</u>

Fyrirfram greiddur kostnaður er vegna samstarfsverkefni um innlenda fóðurframleiðslu með jarðvarma með aðkomu og styrk frá Matvælasjóði og fleiri aðilum.

### 5. Tekjuskattur og tekjuskattseign

Tekjuskattsskuldbinding (-eign) kemur þannig fram:

	Staða 31.12.
Tekjuskattseign í ársbyrjun .....	(416.095)
Tekjuskattseign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	416.095
Tekjuskattur til greiðslu 2024 vegna 2023 .....	<u>0</u>
Tekjuskattseign í árslok .....	0

Ekki kemur til álagning tekjuskatts á árinu 2024 vegna tapreksturs og vegna rekstartaps frá fyrri árum. Yfirfæranlegt tap í árslok 2023 greinist svo:

Tap ársins 2020, nýanlegt til 2030 .....	97.856
Tap ársins 2021, nýanlegt til 2031 .....	137.587
Tap ársins 2022, nýanlegt til 2032 .....	1.845.034
Tap ársins 2023, nýanlegt til 2033 .....	<u>4.882.356</u>
	6.962.833

Tekjuskattseign er ekki færð í efnahagsreikningi vegna óvissu um nýtingu.

## Skýringar

### 6. Eigið fé

#### Hlutafé

Hlutafé félagsins skv. samþykktum er kr. 10,5 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum krónu hlut af nafnverði. Félagið á sjálft hlutafé að fjárhæð kr. 3,3 m.kr. sem innleyst er í lok árs 2023. Eigin hlutir eru færðir til lækkunar á hlutafé.

Félagið stefnir að því að selja eigin hluti á fyrri hluta árs 2024.

#### Lögbundinn varasjóður

Lagt hefur verið í lögbundinn varasjóð í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög og nemur lögbundinn varasjóður nú 13,7% af nafnverði hlutafjár.

#### Bundinn hlutdeildarreikningur

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna dóttur- og / eða hlutdeildarfélags og þeirri fjárhæð sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2022

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildarr.	Ójafnað tap	Samtals
Staða í ársbyrjun .....	10.500.000	0	17.265.999	(828.810)	26.937.189
Tekjuskattseign 1/1 .....	0	0	0	47.089	47.089
Leiðrétt staða í ársbyrjun .....	10.500.000	0	17.265.999	(781.721)	26.984.278
Tap ársins .....	0	0	0	(1.510.770)	(1.510.770)
Bundinn hlutd.reikn. ....	0	0	(17.265.999)	17.265.999	0
Tillag í lögbundinn varasjóð .....	0	1.439.845	0	(1.439.845)	0
Staða í árslok .....	10.500.000	1.439.845	0	13.533.663	25.473.508

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2023

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildarr.	Ójafnað tap/ Óráðs. eigið fé	Samtals
Staða í ársbyrjun .....	10.500.000	1.439.845	0	13.533.663	25.473.508
Keypt eigin hlutabréf .....	(3.305.946)	0	0	0	(3.305.946)
Tap ársins .....	0	0	0	(5.017.727)	(5.017.727)
Bundinn hlutd.reikn. ....	0	0	130.085	(130.085)	0
Staða í árslok .....	7.194.054	1.439.845	130.085	8.385.851	17.149.835